

## 2006 nr. 162 21. desember

### Lög um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og um upplýsingaskyldu þeirra

Tóku gildi 1. janúar 2007 en ákvæði laganna um prófkjör tóku gildi 1. júní 2007. Breytt með 1. 99/2009 (tóku gildi 8. sept. 2009), 1. 119/2010 (tóku gildi 1. okt. 2010), 1. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og 1. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við innanríkisráðherra eða innanríkisráðuneyti sem fer með lög þessi.

#### I. kafli. Almenn ákvæði.

##### ■ 1. gr. Markmið.

□ [Tilgangur laga þessara er að kveða á um framlög til frambjóðenda í kjöri til embættis forseta Íslands, til Alþingis og til sveitarstjórna, opinber og almenn fjárfrelög til stjórnmalasamtaka og stjórnmalastarfsemi og draga úr hættu á hagsmunaaðrekstrum og tryggja gagnsæi í fjármálum.]<sup>1)</sup> Markmið laganna er að auka traust á stjórnmalastarfsemi og efla lýðræðið.

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 1. gr.

##### ■ 2. gr. Skilgreiningar.

□ Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð og hugtök merkingu sem hér segir:

1. *Stjórnmalasamtök*: Flokkar eða samtök sem bjóða fram í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna.

2. *Prófkjör*: Kosningar sem stjórnmalasamtök halda til að velja fulltrúa á framboðslista við kosningar til Alþingis eða sveitarstjórna.

3. [*Frambjóðendur*: Þátttakendur í persónukjöri í forseta kosningum, kosningum til Alþingis og kosningum til sveitarstjórna og þátttakendur í prófkjörum stjórnmalasamtaka.]<sup>1)</sup>

4. *Framlög*: Framlög til starfsemi stjórnmalasamtaka eða frambjóðenda eða kosningabaráttu, hvort heldur eru bein fjárfrelög eða önnur gæði sem metin verða til fjár, án tillits til þess hvaðan þau koma eða hvers eðlis þau eru. Til framlaga í þessum skilningi teljast allir afslættir af markaðsverði, ívilnanir og eftirgjöf, þar með taldir afslættir af markaðsverði auglýsinga, eftirgjöf eftirstöðva skulda, óvenjuleg lánakjör o.s.frv., [sem og sala stjórnmalasamtaka á vörum og þjónustu á yfirverði].<sup>1)</sup> Ef afsláttur hefur verið veittur af markaðsverði skal mismunur markaðsverðs og raunverðs tilgreindur sem framlag í reikningum. Önnur framlög, svo sem endurgjaldslaust lán vinnuafis, aðstöðu eða búnaðar, skulu metin til peningaverðs á gangverði eða markaðsverði á hverjum tíma og tilgreind í reikningum á því verði.

5. *Tengdir aðilar*: Lögáðilar þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögáðilunum, enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögáðilum. Sama á við ef einstaklingar eða lögáðilar, sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögáðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögáðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögáðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögáðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögáðilum samkvæmt þessum tölulíð telst jafnframt eignarhlutur og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

6. *Endurskoðendur*: Lögáðilar endurskoðendur samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur.

7. *Þingflokkar*: Samtök þingmanna sem uppfylla skilyrði þingflokka til að teljast þingflokkur.

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 2. gr.

#### II. kafli. Framlög ríkis og sveitarfélaga til stjórnmalastarfsemi.

##### ■ 3. gr. Framlög til stjórnmalasamtaka úr ríkissjóði.

□ Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi stjórnmalasamtaka sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn á Alþingi eða hlotið hafa a.m.k. 2,5% atkvæða í næstlíðnum alþingiskosningum samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

□ [Stjórnmalasamtök sem bjóða fram í öllum kjördæmum í kosningum til Alþingis geta að loknum kosningum sótt um sérstakan fjárstyrk úr ríkissjóði til að mæta útlögðum kostnaði við kosningabaráttu, að hámarki 3 millj. kr. Umsóknnum um fjárstyrk vegna kosningabaráttu skal beint til [ráðuneytisins]<sup>1)</sup> og skulu umsóknir berast eigi síðar en þremur mánuðum eftir að kosningar fóru fram. Umsóknnum skal fylgja afrit reikninga fyrir kostnaði sem fjárstyrk er ætlað að mæta. [Ráðuneytið]<sup>2)</sup> getur sett nánari reglur um form umsókna og fylgigagna sem og um það hvaða kostnaður geti talist kostnaður við kosningabaráttu.

□ Skilyrði úthlutunar á fé úr ríkissjóði til stjórnmalasamtaka skv. 1. mgr. er að viðkomandi samtök hafi áður fullnægt upplýsingaskyldu sinni til Ríkisendurskoðunar skv. 9. gr.]<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 444. gr. <sup>2)</sup> L. 162/2010, 188. gr. <sup>3)</sup> L. 119/2010, 3. gr.

##### ■ 4. gr. Framlög til þingflokka úr ríkissjóði.

□ Árlega skal úthluta fé úr ríkissjóði til starfsemi þingflokka á Alþingi samkvæmt ákvörðun á fjárlögum hverju sinni. Greiða skal jafna fjárhæð fyrir hvern þingmann og nefnist hún eining. Að auki skal greiða eina einingu fyrir hvern þingflokk. Því til viðbótar skal úthluta fjárhæð sem svarar tólf einingum til þingflokka þeirra stjórnmalasamtaka sem eiga ekki aðild að ríkisstjórn og skiptast þær einingar hlutfallslega milli þeirra. Forsætisnefnd Alþingis getur sett nánari reglur um greiðslur samkvæmt þessari grein.

##### ■ 5. gr. Framlög til stjórnmalasamtaka frá sveitarfélögum.

□ Sveitarfélögum með fleiri en 500 íbúa er skylt, en öðrum sveitarfélögum heimilt, að veita stjórnmalasamtökum, sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstlíðnum sveitarstjórnarkosningum, [árleg]<sup>1)</sup> fjárfrelög til starfsemi sinnar. Ákvörðun um slík framlög tekur sveitarstjórn samhliða samþykkt fjárhagsáætlunar. Fjárhæðinni skal úthlutað í hlutfalli við atkvæðamagn.

□ [Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga er heimilt að setja viðmiðunareglur til að stuðla að samræmdri framkvæmd á greiðslum framlaga frá sveitarfélögum til stjórnmalasamtaka samkvæmt þessari grein. Á því ári sem sveitarstjórnarkosningar eru skal úthlutun framlaga fara fram á þann hátt að stjórnmalasamtök fái framlög fyrir síðari hluta þess árs í samræmi við kjörfylgi í nýafstöðnum kosningum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 4. gr.

#### III. kafli. Almenn framlög til stjórnmalastarfsemi.

##### ■ 6. gr. Móttaka framlaga.

□ Stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum til starfsemi sinnar eða til kosningabaráttu með þeim takmörkunum sem leiðir af 2.–5. mgr. þessarar greinar og ákvæðum 7. gr.

□ Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá óþekktum gefendum. [Berist stjórnmalasamtökum eða frambjóðanda

framlag frá óþekktum gefanda skal skila framlaginu í ríkissjóð enda hafi ekki gefist tækifæri til að hafna móttöku þess.]<sup>1)</sup>

□ Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá fyrirtækjum að meiri hluta í eigu, eða undir stjórn, ríkis eða sveitarfélaga.

□ Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá opinberum aðilum sem ekki rúmast innan ákvæða II. kafla.

□ Óheimilt er að veita viðtöku framlögum frá erlendum ríkisborgurum, fyrirtækjum eða öðrum aðilum sem skráðir eru í öðrum löndum. Bann þetta tekur þó ekki til framlaga frá erlendum ríkisborgurum sem njóta kosningaréttar hér á landi skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 5/1998, um kosningar til sveitarstjórna.

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 5. gr.

■ **7. gr.** [Hámarksframlög, leiðbeiningarreglur og kostnaður vegna kosningabaráttu.]<sup>1)</sup>

□ Stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er óheimilt að taka á móti hærri framlögum frá lögaðilum en sem nemur [400.000 kr.]<sup>1)</sup> á ári. Undanþegin slíku hámarki eru þó framlög í formi afsláttá svo fremi um sé að ræða almenna afslætti sem veittir eru frá markaðsverði með opinberum hætti og slíkir afslættir séu sérgreindir í reikningum. Lögaðilar, sem inna af hendi framlög til stjórnmalasamtaka eða frambjóðenda, skulu ségreina heildarfjárhæð slíkra framlaga í ársreikningum sínum. Telja skal saman framlög tengdra aðila.

□ [Stofnframlög, þ.e. framlög frá lögráða einstaklingum og lögaðilum sem eru veitt í beinum tengslum við stofnun stjórnmalasamtaka, mega að hámarki nema sem svarar til tvöföldu hámarksframlagi skv. 1. mgr.]<sup>1)</sup>

□ Stjórnmalasamtökum og frambjóðendum er heimilt að taka á móti framlögum frá lögráða einstaklingum sem nemur allt að [400.000 kr.]<sup>1)</sup> á ári. . . .<sup>1)</sup>

□ Heildarkostnaður frambjóðenda [af kosningabaráttu í kosningum til Alþingis eða sveitarstjórna]<sup>1)</sup> má ekki vera hærri en sem nemur 1 millj. kr., að viðbættu álagi sem hér segir:

Á kjörsvæði með fleiri en 50.000 íbúa, 18 ára og eldri, 75 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 40.000–49.999 íbúa, 18 ára og eldri, 100 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 20.000–39.999 íbúa, 18 ára og eldri, 125 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með 10.000–19.999 íbúa, 18 ára og eldri, 150 kr. fyrir hvern.

Á kjörsvæði með færri en 10.000 íbúa, 18 ára og eldri, 175 kr. fyrir hvern.

□ [Heildarkostnaður frambjóðanda í forsetakosningum af kosningabaráttu má ekki vera hærri en sem nemur tvöfaldri þeirri fjárhæð sem tiltekin er í 4. mgr. á hvern íbúa á kjörskrá fyrir landið allt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 6. gr.

#### IV. kafli. Reikningsskil og upplýsingaskylda stjórnmalasamtaka.

■ **8. gr.** *Reikningsskil stjórnmalasamtaka.*

□ Stjórnmalasamtök skulu halda samstæðureikning fyrir allar einingar sem undir þau falla, svo sem sérsambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir. Heimilt er að halda flokkseiningum utan samstæðureiknings-skila ef tekjur þeirra eru undir [400.000 kr.]<sup>1)</sup> á ári. Við gerð ársreikninga skal farið að efnisreglum laga um ársreikninga eins og við á. Ríkisendurskoðun gefur út frekari leiðbeiningar um reikningshald stjórnmalasamtaka.

□ Stjórnmalasamtök skulu fela endurskoðendum að endurskoða reikninga sína. Endurskoðendur skulu starfa eftir leiðbeiningum Ríkisendurskoðunar og sannreyna að samstæðureikningurinn sé saminn í samræmi við ákvæði laga þessara og almennar reikningsskilareglur og staðfesta það álit með áritun á reikninginn. Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna [reikninga og]<sup>1)</sup> að framlög einstaklinga og lögaðila séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 7. gr.

■ **9. gr.** *Upplýsingaskylda um reikninga stjórnmalasamtaka.*

□ [Stjórnmalasamtök skulu fyrir 1. október ár hvert skila Ríkisendurskoðun reikningum sínum fyrir síðastliðið ár, sbr. 8. gr., árituðum af endurskoðendum. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið, eins fljótt og unnt er, birta útdrátt úr ársreikningi stjórnmalasamtaka með samræmdum hætti. Þar skal greina frá heildargjöldum og heildartekjum. Í útdrættinum skulu tekjur sundurliðaðar eftir uppruna þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum og einnig greint frá helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttekna afslætti frá markaðsverði sem og sölu á þjónustu, vöru eða eignum á yfirverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til stjórnmalastarfsemi sem og fjárhæð þeirra. Einnig skal birta nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög sem eru metin á meira en 200.000 kr.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 8. gr.

#### V. kafli. Reikningsskil og upplýsingaskylda í persónukjöri.

■ **10. gr.** *Reikningsskil frambjóðenda í persónukjöri.*

□ [Frambjóðendur skulu gera uppgjör fyrir kosningabaráttu sína þar sem greint er frá öllum framlögum og útgjöldum vegna hennar í samræmi við almennar reikningsskilareglur og skal uppgjörið áritað af endurskoðanda eða bókhaldsfróðum skoðunarmanni. Miða skal uppgjörstímabil við það tímamark þegar kosningabaráttu frambjóðanda hefst. Þegar um prófkjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar prófkjör er auglýst nema kosningabaráttu frambjóðanda hafi hafist fyrr. Þegar um forsetakjör er að ræða skal miða uppgjörstímabil við það tímamark þegar framboði er skilað til [ráðuneytisins]<sup>1)</sup> nema kosningabaráttu frambjóðanda hafi hafist fyrr. Miða skal lok uppgjörstímabils við það tímamark þegar reikningum er skilað til Ríkisendurskoðunar skv. 11. gr. Ríkisendurskoðun gefur út leiðbeiningar um uppgjör fyrir kosningabaráttu og um upplýsingaskyldu um uppgjörið.

□ Ríkisendurskoðun getur hvenær sem er kallað eftir öllum gögnum til að staðreyna að kostnaður við kosningabaráttu og framlög einstaklinga og lögaðila til frambjóðanda séu innan þeirra marka sem greinir í III. kafla.

□ Frambjóðendur eru undanþegnir uppgjörsskyldu ef heildartekjur eða heildarkostnaður við kosningabaráttu er ekki umfram 400.000 kr.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 444. gr. <sup>2)</sup> L. 119/2010, 9. gr.

■ **11. gr.** *Upplýsingaskylda um reikninga yfir kosningabaráttu.*

□ [Frambjóðendur skulu skila Ríkisendurskoðun árituðum reikningum sínum eigi síðar en þremur mánuðum frá því að kosning fór fram. Ríkisendurskoðun skal í kjölfarið, eins

fljótt og unnt er, birta útdrátt úr reikningum með samræmdum hætti. Þar skal greina frá heildargjöldum og heildartekjum. Í útdrættinum skulu tekjur sundurliðaðar eftir uppruna þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum og einnig greint frá helstu stærðum í efnahagsreikningi. Greina skal sérstaklega alla móttækna afslætti frá markaðsverði sem og sölu á þjónustu, vöru eða eignum á yfirverði. Birta skal nöfn allra lögaðila sem veita framlög til kosningarártiltals frambjóðandans sem og fjárhæð þeirra. Einnig skal birta nöfn einstaklinga sem veitt hafa framlög sem eru metin á meira en 200.000 kr. til kosningarártiltals frambjóðandans.

□ Ef uppgjör vegna kosningarártiltals sýnir jákvæða eða neikvæða fjárhagsstöðu skal frambjóðandi árlega skila nýju uppgjöri til Ríkisendurskoðunar eða allt þar til umframfrámunum hefur verið ráðstafað eða skuld verið greidd.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 10. gr.

## VI. kafli. Viðurlög, gildistaka og brottfall lagaákvæða.

### ■ 12. gr. Viðurlög.

□ [Hver sem tekur við framlögum, eða jafnvirði þeirra, sem óheimilt er að veita viðtöku skv. 6. gr. eða hærri framlögum en heimilt er skv. 7. gr. skal sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

□ Hver sem skilar ekki upplýsingum eða skýrslum samkvæmt ákvæðum laga þessara til Ríkisendurskoðunar innan tilgreindra tímamarka skal sæta sektum. Sama gildir séu veittar upplýsingar ekki í samræmi við settar reglur.

□ Gera skal lögaðilum sekt fyrir brot á 1. eða 2. mgr.

□ Refsa skal fyrir brot samkvæmt þessari grein séu þau framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt þessari grein er refsiverð eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

□ Heimilt er að gera upptæk til ríkissjóðs framlög sem tekið er við án heimilda eða umfram heimildir samkvæmt lögum þessum eftir því sem segir í VII. kafla A almennra hegningarlaga.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 119/2010, 11. gr.

### ■ 13. gr. Gildistaka og brottfall lagaákvæða.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2007. Ákvæði laganna um prófkjör taka þó ekki gildi fyrr en 1. júní 2007.

□ ...

## VII. kafli. ...

### Ákvæði til bráðabirgða.

■ I. Forsætisráðherra skal eigi síðar en 30. júní 2010 skipa nefnd fulltrúa allra stjórnmalaflokka á Alþingi til að endurskoða lög þessi og framkvæmd þeirra.

■ [II. Ríkisendurskoðun skal að ósk stjórnmalasamtaka veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2002 til 2006, að báðum árum meðtöldum, jafnt til landsflokkanna sem allra eininga sem undir þá falla eða tengjast rekstri og eignum flokksins, svo sem sérsambanda, kjördæmisráða, eignarhaldsfélaga og tengdra sjálfseignarstofnana. Þó er heimilt að undanskilja flokkseiningar ef tekjur þeirra eru undir 300.000 kr. á ári.

□ Ríkisendurskoðun skal að ósk frambjóðenda í forvali eða prófkjöri innan stjórnmalasamtaka fyrir alþingis- og sveitar-

stjórnarkosningar 2006 og 2007 veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. frá 1. janúar 2005 – 31. maí 2007. Jafnframt skal Ríkisendurskoðun með sama hætti að ósk frambjóðenda í kosningum til æðstu tveggja embætta innan stjórnmalasamtaka, formanns og varaformanns, veita viðtöku og birta upplýsingar um öll bein fjárframlög til þeirra sem og önnur framlög sem metin eru að fjárhæð 200.000 kr. eða meira á árunum 2005 til 2009, að báðum árum meðtöldum. Sé heildarfjárhæð framlaga til frambjóðanda undir 300.000 kr. getur hann beint einfaldri yfirlýsingu til Ríkisendurskoðunar um að svo sé án nánari tilgreiningar eða sundurliðunar upphæða, sbr. 4. mgr.

□ Við túlkun á hugtökunum stjórnmalasamtök, prófkjör, framlög og tengdir aðilar skal taka mið af skilgreiningu þeirra hugtaka í 2. gr. laganna.

□ Ríkisendurskoðun skal í þessu skyni veita viðtöku upplýsingum frá viðkomandi stjórnmalasamtökum og frambjóðendum um framlög til þeirra á tilgreindu tímabili, sbr. 1. og 2. mgr., og skulu upplýsingar sem veittar eru flokkaðar eftir uppruna þeirra, þannig að greint sé á milli ríkisframlags, framlaga frá sveitarfélögum, framlaga frá lögaðilum, félagsgjalda og framlaga frá einstaklingum. Upplýsingum skal fylgja yfirlýsing viðkomandi stjórnmalasamtaka eða frambjóðanda um að upplýsingarnar sé veittar samkvæmt bestu vitneskju og getur Ríkisendurskoðun kallað eftir nánari upplýsingum og skýringum ef hún telur annmarka á upplýsingagjöfni. Skal upplýsingamiðlun til Ríkisendurskoðunar frá stjórnmalasamtökum og frambjóðendum þeirra sem óska eftir úrvinnslu og birtingu upplýsinga vera lokið fyrir 15. nóvember 2009. Ríkisendurskoðun er þó heimilt að framlengja þann frest um allt að einn mánuð.

□ Ríkisendurskoðun skal samræma upplýsingar sem miðlað er til hennar skv. 4. mgr. og birta með samræmdum hætti fyrir lok árs 2009 niðurstöður fyrir hver stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra sem hér segir:

a. Heildarfjárhæð árlegra framlaga samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.

b. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá einstaklingum samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.

c. Heildarfjárhæð árlegra framlaga frá lögaðilum samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum.

d. Tilgreina skal sérstaklega þá aðila sem veitt hafa framlag að fjárhæð 500.000 kr. eða meira. Hafi lögaðili krafist trúnaðar um framlög sín til viðkomandi stjórnmalasamtaka skal engu að síður birta upplýsingar um fjárhæð framlagsins en upplýsingar um heiti viðkomandi aðila skulu ekki birtar. Sé um einstakling að ræða skal birting á nafni hans sem styrkveitanda ávallt byggjast á samþykki hans.

□ Ríkisendurskoðun getur sett reglur um það með hvaða hætti framlög, sem ekki eru bein fjárframlög, skuli metin til fjár.

□ Að öðru leyti en um getur í 5. mgr. er Ríkisendurskoðun bundin trúnaði um allar upplýsingar sem stjórnmalasamtök og frambjóðendur þeirra miðla til hennar samkvæmt ákvæði þessu.

□ Ákvæði 12. gr. laganna gildir ekki um upplýsingagjöf samkvæmt ákvæði þessu.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 99/2009, 1. gr.